

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 11. október 2022 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í fjarfundi og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu: Einar Jón Geirsson, Pétur Friðjónsson og Ingibjörg Þórunna Steinudóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðan í dag

Einar ræddi við endurskoðandan um að reikna upp eignarhlut Dalabyggðar og Byggðastofnunar. Skýr eignarhlutur ætti að lyggja fyrir í næstu viku.

2. Fjárfestingaverkefni

Pétur kynnti stöðuna á mögulegum fjárfestingaverkefnum.

Einar búinn að hafa samband við sveitastjóra Reykhóla og var áhugi á aðkomu í félagið. Formanni falið að senda formlegt erindi fyrir hönd Fjárfestingafélagsins Hvamms til Reykhóla og Strandabyggðar um aðkomu að félaginu.

3. Fyrirspurn um Síberu

Tveir aðilar hafa haft samband með áhuga á að kaupa eða leigja Síberíu. Formanni falið að biðja um formlegri greinargerð um áform þessa aðila um húsið.

4. Galdur Brugghús í Hólmavík

Galdur Brugghús í Hólmavík er í fjárfestingaferli í formi hlutabréfa. Ákveðið var að fjárfesta í þessu verkefni. Pétri falið að bjóða þeim fjárfestingu upp á 2,5 milljónir króna frá félaginu.

5. Önnur mál

Rætt um að setja upp heimasíðu fyrir félagið þ.s. hægt væri að taka á móti ýmsum beiðnum til félagsins. Einari falið að athuga hvort einhver aðili í Dalabyggð væri til í að taka slíkt verkefni að sér.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:33.

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Einar Jón Geirsson,

Pétur Friðjónsson,

Ingibjörg Þórunna Steinudóttir